

Dags. 1. september 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 78. og 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 27. maí 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Gnúp fjárfestingafélag hf., vegna brots á 78. og 86. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpur fjárfestingafélag hf. hefði brotið gegn 78. og 86. gr. vvl. með því að gefa ekki út flöggunartilkynningu vegna sölu á 348.643.387 hlutum í FL Group hf. þann 9. janúar 2008 en við söluna fór hlutur Gnúps fjárfestingafélags hf. úr 11,11% í 8,54%. Síðar sama dag, 9. janúar 2008, tilkynnti félagið um sölu á 826.446.281 hlutum í FL Group hf. en var þá að finna misræmi í tilkynningunni hvað varðar fjölda hluta Gnúps fjárfestingafélags fyrir og eftir víðskiptin en hlutir þess fyrir víðskiptin voru uppgæfnir 1.160.404.697 en voru 1.160.674.697. Ekki barst leiðrétting á þeirri flöggunartilkynningu.

Samkvæmt 78. gr. vvl. ber eiganda að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef ráðstöfun hluta leiðir af sér að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5%, 10%, 15%, 20%, 25%, 30%, 35%, 40%, 50%, 2/3 hluta og 90%.

Samkvæmt 86. gr. vvl. ber flöggunarskyldum aðila að senda tilkynningu skv. 1. mgr. 78. gr. til Fjármálaeftirlitsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta víðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti og 141. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 2.000.000.